

Fyrirspurn:

Í orkustefnu Íslands þarf að líta yfir allt svið orkumála en fyrst og fremst til framtíðar.

Fyrsta spurningin er, hvernig hugsum við til framtíðar? Hvað eiga börn okkar og barnabörn að fá í vöggugjöf?

Hver er tilgangur okkar með orkubyrgðir okkar? Eiga börn okkar að líta svo á að foreldrar þeirra hafi tekið af þeim ómakið og virkjað allt sem virkja má til þess að þau þurfi ekki að hafa fyrir því?

Og hvað gerðum við svo við orkuna? Seldum hana gróðafyrirtækjum í öðrum löndum?

Auðvitað áttum við aðeins að leyfa útlendingum að reisa eitt álver. Næsta álver áttum við sjálf að eiga og reka. Hagnaður við álframleiðslu felst ekki í að búa til rafmagnið, heldur að framleiða álið. Staðan nú er alveg grátleg.

Núna getum við breytt um stefnu. Hé er rafmagnið nokkuð "grænt" því liggur mjög á að við förum að nýta það til að víkja burt olúbruna eins og kostur er. Hér eru rafbílar vænlegur kostur. við höfum landrými til að framleiða bio dísil við getum framleitt metangas og við getum framleitt "producer gas" eða syngas úr lífrænum úrgangi. Við þurfum að taka okkur saman og nýta innlenda orku, það getur skaffað mikla atvinnu og sparað gjaldeyri og gefið góða velsæld. Hejum handa!